

Fyrirspurn

til mennta- og menningarmálaráðherra um kennslu og stuðning
framhaldsskóla við nemendur með sérþarfir.

Frá Guðrúnu Erlingsdóttur.

1. Er upplýsingum um kennslu og stuðning framhaldsskóla við nemendur með sérþarfir safnað saman á skipulegan hátt? Ef svo er, hver annast upplýsingasöfnunina?
2. Hvernig haga framhaldsskólarnir kennslu og stuðningi við nemendur með sérþarfir, t.d. nemendur með sértækar málþroskaraskanir, athyglisbrest (ADD), athyglisbrest með of-virkni (ADHD) og lesblindu (dyslexíu)?
3. Hvernig leggja framhaldsskólarnir mat á sérþarfir nemenda sem ekki hafa verið metnir af viðurkenndum greiningaraðilum áður en þeir innritast í framhaldsskóla?

Skriflegt svar óskast.

